

AUGLÝSING

um breytingu á samningi við Bandaríkin um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna.

Með orðsendingaskiptum í Washington 11. febrúar og 5. apríl 1991 var samningur frá 21. september 1984 milli Íslands og Bandaríkjanna um fiskveiðar undan ströndum Bandaríkjanna framlengdur til 31. desember 1993, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1984, þar sem samningurinn er birtur, og 8/1989. Jafnframt voru nokkrar breytingar gerðar á samningnum. Orðsendingaskiptin öðluðust gildi 21. október 1991 en gildistaka breytinganna miðast við 1. júní 1991.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. október 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

BREYTINGAR

1. Í 1. tl. 2. gr. falli „(nema miklar fartegundir túnfisks)“ niður.

2. Í stað 2. tl. komi:

„2. „fiskur,„ allan fisk, lindýr, krabbadýr og aðrar tegundir dýra- og jurtalífs í hafinu, þó ekki sjávarspendýr og fugla;“

3. Í 2. gr. falli 7. tl. niður og 8. tl. verði 7. tl.

4. Í lok 7. tl. 4. gr. falli niður „og“.

5. Við 4. gr. bætist nýr 8. tl. svohljóðandi:

„8. hvort og að hve miklu leyti þessar þjóðir hafi samstarf við Bandaríkin í málum sem varða framkvæmd tilmæla í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 44/225 frá desember 1989 um stórfelldar reknetaveiðar á úthafinu og við verndun ufsastofnsins í miðju Beringshafi; og“

Núverandi 8. tl. verði 9. tl.

6. Við 5. gr. bætist nýr 5. tl. svohljóðandi:

„5. Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands skal starfa með ríkisstjórn Bandaríkjanna í málum sem varða framkvæmd tilmæla í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 44/225 frá desember 1989 um stórfelldar reknetaveiðar á úthafinu og við verndun ufsastofnsins í miðju Beringshafi.“

AMENDMENTS

1. In Article II, paragraph 1, delete “(except highly migratory species of tuna)”.

2. Delete existing paragraph 2 in its entirety and replace it with:

“2. “fish” means all finfish, molluscs, crustaceans, and other forms of marine animal and plant life, other than marine mammals and birds;”

3. In Article II, delete paragraph 7 and renumber the present paragraph 8 as paragraph 7.

4. In Article IV, paragraph 7, delete final “and”.

5. In Article IV, add a new paragraph 8 as follows:

“8. whether, and to what extent, such nations are cooperating with the United States in matters pertaining to the fulfillment of the recommendations outlined in United Nations General Assembly Resolution 44/225 of December 1989 on Large-scale Pelagic Driftnet Fishing and in the conservation of the pollock resource in the central Bering Sea; and”

Renumber existing paragraph 8 as a new paragraph 9.

6. In Article XII, add a new paragraph 5 as follows:

“5. The Government of the Republic of Iceland shall cooperate with the Government of the United States in matters pertaining to the fulfillment of the recommendations outlined in United Nations General Assembly Resolution 44/225 of December 1989 on Large-scale Pelagic Driftnet Fishing and in the conservation of the pollock resource in the central Bering Sea.”